

**M-113/2016. Álit 18. september 2017.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-113/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 29. desember 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á air-brush vél af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar vegna skorts á kennslu á vélina af hálfu seljanda.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 25. janúar 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi skilaði inn andsvörum sínum þann 6. febrúar 2017. Þann 10. febrúar voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bærust athugasemdirnar þann 15. febrúar 2017. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda þann 20. febrúar 2017 og bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi skilaði inn frekari andsvörum þann 10. mars 2017. Frekari athugasemdir bærust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 14. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á air-brush vél af gerðinni Tantú ásamt áfyllingum fyrir 98.000 krónur í apríl 2016. Að sögn álitsbeiðanda var vélin keypt með lofordi um að námskeið myndi fylgja með til kennslu á vélina. Eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi hafa leitast eftir námskeiðinu hjá seljanda en seljandi hafi ekki svarað eða orðið við beiðni um námskeið. Telur álitsbeiðandi sig hafa verið svikna um kennslu á vélina, en seljandi hefði sagt henni að prófa sig áfram í undirbúningi fyrir umþrætt námskeið sem hún kveðst hafa gert en námskeiðið hafi svo aldrei verið haldið. Að sögn álitsbeiðanda hefur vélin verið ónotuð með öllu síðan kaupin fóru fram þar sem hún kunni ekki að nota hana. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að vélin verði endurgreidd að öllu leyti þar sem hún hafi verið svikin um kennslu á vélina sem hafi átt að fylgja með í kaupunum.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er tekið fram að álitsbeiðandi sé menntaður snyrtifræðingur með þekkingu á förðun og sé því vel hæf til að nota air-brush vél. Þá hafi ekkert hafi heyrst frá álitsbeiðanda frá kaupunum í apríl 2016 fyrr en í október þegar álitsbeiðandi „fer að kvarta yfir að hafa ekki fengið kennslu“. Seljandi segir að þegar álitsbeiðandi keypti vélina hafi seljandi sýnt henni hvernig vélin virkaði og sagt að hún væri ávallt velkomin í verslunina ef eitthvað væri. Segir seljandi að almennt sé ekki boðið upp á kennslu með vélinni en álitsbeiðandi hefði fengið kennslu í versluninni ef hún vildi.

Seljandi segir að álitsbeiðandi hafi mætt með vörurnar í verslun sína rúmum átta mánuðum eftir kaupin og beðið um að fá að skila þeim. Starfsmaður tók við vörunum en

þegar eigandi seljanda kom á staðinn hafi honum orðið ljóst að búið var að opna og nota allar vörurnar. Seljandi kveðst ekki geta tekið við vörum sem búið er að nota, sér í lagi þegar svo langt er um liðið frá því að vörurnar voru keyptar. Þá hafi álitsbeiðandi keypt fleiri hluti sem hún hafi líklegast klárað sjálf en krefjist einnig endurgreiðslu fyrir þær.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda tekur álitsbeiðandi fram að menntun sín hafi ekkert með það að gera að kunna að beita vélum sem þessum og að þetta þurfi að læra sérstaklega. Það eina sem seljandi hafi sýnt henni við kaupin hafi verið hvernig ætti að setja hylki í vélina en ekki hvernig ætti að beita henni. Álitsbeiðandi kveðst aðeins hafa náð ágætum tókum á að nota vélina á sig sjálfa. Að sögn álitsbeiðanda ætlaði hún hins vegar að nota vélina atvinnuskyni, meðal annars í brúðarförðun í júní 2016, en þá hafi hún beðið eftir kennslu í fjóra mánuði. Gerði álitsbeiðandi tilraun til að nota vélina og segir að útkoman hafi verið „skelfileg“.

Ítrekar álitsbeiðandi að hún hafi aðeins opnað vélina því seljandi hafi sagt henni að gera það til að fá „tilfinningu fyrir henni“ áður en hún ætti að koma á námskeið. Að sögn álitsbeiðanda mætti hún margoft í verslun seljanda og spurðist fyrir um námskeiðið en aldrei var orðið við því.

## VI

### Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum sínum ítrekar seljandi að ekki sé unnt að skila vörum sem búið er að nota, sér í lagi þegar þær eru keyptar í apríl 2016 en ekki krafist þess að fá að skila þeim fyrir en í desember.

## VII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, þar sem af gögnum málsins verður ráðið að álitsbeiðandi festi kaup á vélinni í þeim tilgangi að nota hana í atvinnuskyni.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi air-brush tæki hjá seljanda í apríl árið 2016. Krafðist álitsbeiðandi þess að fá að skila vélinni í desember 2016 vegna svikinna loforða um námskeið, til kennslu á vélina, en seljandi hafnaði því. Álitsbeiðandi krefst nú riftunar á kaupunum fyrir kærunefndinni.

Kærunefndin álítur að um kröfu álitsbeiðanda gildi m.a. 17. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en ákvæðið er svohljóðandi:

**„17. gr. Eiginleikar söluhlutar.**

*Sölulatur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.*

*Ef annað leiðir ekki af samningi skal sölulatur:*

*a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;*

*b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;*

*c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;*

*d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.*

*Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.“*

Í 1. mgr. 17. gr. lkpl. kemur fram sú meginregla að söluhlutur skuli vera í samræmi við það sem leiðir af samningi. Á það bæði við um tegund hlutar, magn, gæði og aðra eiginleika. Það að hlutur skuli vera í samræmi við það sem „leiðir af samningi“ er ekki einungis tilvísun til texta samnings heldur einnig forsendna aðila við kaupin, auk þess sem önnur atvik í sambandi við kaupin geta haft þýðingu.

Í gögnum málsins fyrir kæruneftndinni má meðal annars finna skrifleg samtöl milli álitsbeiðanda og seljanda um fyrirhuguð kaup álitsbeiðanda á umþrættu air-brush tæki. Af þeim samtölum má ráða að aðilar hafi samið um að námskeið fylgdi með kaupunum og lýsir seljandi því yfir við álitsbeiðanda þann 29. mars 2016 að hún gæti fengið námskeið með kennslu á notkun tækisins í kjölfar kaupanna. Þá má einnig ráða af gögnum málsins að kennsla á tækið hafi verið mikilvæg forsenda fyrir kaupum álitsbeiðanda. Slíkar yfirlýsingar geta haft veruleg áhrif á að kaup eigi sér stað og fallist er á það með álitsbeiðanda að sú hafi verið raunin í þessu tilviki. Álítur nefndin því að söluhluturinn hafi verið haldinn galla í skilningi framangreindrar 1. mgr. 17. gr. lkpl.

Ákvæði 30. gr. lkpl. mælir fyrir um úrræði sem standa kaupanda til boða ef hlutur er haldinn galla, en þau eru krafa um úrbætur, nýja afhendingu, afslátt, riftun og skaðabætur auk þess að halda eftir greiðslu kaupverðs. Álitsbeiðandi hefur krafist þess að fá að skila tækinu og er krafa hennar því um riftun kaupanna samkvæmt 39. gr. lkpl.

Í 39. gr. lkpl. er kveðið á um að kaupandi geti rift kaupum ef meta megi galla til verulegra vanefnda. Kaupandi getur þó ekki rift kaupum, nema hann tilkynni seljanda um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju um gallann eða eftir að frestur til tilkynningar er liðinn, sbr. 32. gr. lkpl.

Mat á því hvort riftun er heimil byggist á ákveðnu heildarmati þar sem m.a. er litið til þess hvort unnt er að bæta úr gallanum eða ekki og þess tíma og óhagræðis sem kaupandi hefur af úrbótum. Af gögnum málsins má sjá að seljandi hefur lýst því yfir í samtölum við álitsbeiðanda að henni sé heimilt að koma í verslun seljanda og fá kennslu á tækið. Verður að líta á það boð álitsbeiðanda sem boð um úrbætur. Riftun er það vanefndarúrræði sem gengur lengst og felur í sér ákveðið rask á hagsmunum aðila, sér í lagi ef langur tími er liðinn frá kaupum líkt og í máli þessu. Verður því ekki fallist á kröfu álitsbeiðanda um riftun, enda eru önnur úrræði tæk og raunar æskilegri til að bæta úr þeim annmarka sem til staðar er.

Kæruneftndin telur liggja fyrir að tækið hafi ekki nýst álitsbeiðanda sem skyldi vegna vanefnda af hálfu seljanda og því eru líkur á því að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti eða skaðabótum vegna þessa. Álitsbeiðandi hefur hins vegar ekki gert aðrar kröfur í málinu og verður því ekki tekin frekari afstaða til annarra mögulegra vanefndarúrræða.

Samkvæmt framangreindu verður að hafna kröfu álitsbeiðanda um riftun.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

## VIII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson